

frá þeim degi til 20. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 180.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Angantý Eliassyni skipstjóra og Tryggva Jónssyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f, greiði stefnanda, Kristjáni Sigurjónssyni, kr. 755.827 ásamt 13% ársvöxtum frá 5. mars 1977 til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 180.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Heimaey, VE 1, fyrir hinum dæmdu kröfum.

Föstudaginn 3. apríl 1981.

Nr. 14/1980. **Úlfar Örn Harðarson og**
Rúnar Smárason
 (Guðjón Steingrímsson hrl.)
 gegn
Presti Þórhallssyni
 (Skúli Pálsson hrl.).

Varnarþing. Ömerking. Frávísun. Fjárnámsgerð úr gildi felld. Útivist stefndu í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Útivistardómur gekk í því máli 7. janúar 1980. Áfrýjendur

áfrýjuðu málinu að nýju samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 með stefnu 1. febrúar 1980. Þeir krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerkur og að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara krefjast þeir sýknu. Í báðum tilvikum krefjast þeir þess jafnframt, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og að þeim verði tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda. Til þrautavara krefjast þeir lækkunar á kröfum stefnda og að ársvextir verði reiknaðir 19% frá 7. janúar 1979 til 1. júní s. á., 22% frá þeim degi til 1. september s. á. og 27% frá þeim degi til greiðsludags og að málskostnaður falli niður.

Stefndi krefst þess, að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér in solidum 6.764.31 krónu auk ársvaxta, 19% frá 7. janúar 1979 til 31. maí s. á., 22% frá þeim degi til 31. ágúst s. á., 27% frá þeim degi til 30. nóvember s. á., 31% frá þeim degi til 31. maí 1980 og 35% frá þeim degi til greiðsludags og 990.00 krónur í málskostnað í héraði.

Þá krefst hann staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur eiga heima í Reykjavík, en stefndi í Garðkaupstað. Í máli þessu er ágreiningur með aðiljum um greiðslu fyrir verk, sem stefndi vann fyrir áfrýjendur með traktorsgröfu í Njarðvíkurkaupstað. Mál út af þeim ágreiningi verður ekki höfðað fyrir bæjarþingi Njarðvíkur og Keflavíkur samkvæmt heimild í 85. gr. Einkamálalaga nr. 85/1936 né öðrum ákvæðum þeirra laga, og aðiljar hafa ekki samið um, að mál þetta yrði rekið þar. Af þessum sökum ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi. Eftir þessum málalokum ber að fella úr gildi hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Dæma ber stefnda til að greiða áfrýjendum 2.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Þröstur Þórhallsson, greiði áfrýjendum, Úlfari Erni Harðarsyni og Rúnari Smárasyni, 2.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 9. apríl 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. mars sl., gegn Úlfari Erni Harðarsyni, Akraseli 39, Reykjavík, og 22. mars sl. gegn Rúnari Smárasyni, Akraseli 2, Reykjavík, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 676.431 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 7. jan. 1979 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt lágmarks gjaldskrá LMFÍ.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera vangreidd laun fyrir vinnu, er stefnandi innti af hendi fyrir stefndu með traktorsgröfu sinni í desember sl. Stefndu eru saman verktakar hjá Hitaveitu Suðurnesja í Njarðvík. Stefnandi vann fyrir þá við Njarðvíkuræð hitaveitunnar í desember sl. Stefnukrafan byggist á tveimur reikningum, dags. í des. sl., annar að fjárhæð kr. 286.536 og hinn kr. 489.895, eða samtals kr. 776.431. Stefndu greiddu kr. 100.000 inn á skuldina hinn 7. jan. sl., þannig að eftir stendur kr. 676.431, sem er stefnufjárhæðin.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 99.000.

Dóminn kvað upp Valtýr Sigurðsson aðalfulltrúi.

Dómsorð:

Stefndu, Úlfar Örn Harðarson og Rúnar Smárasen, greiði in solidum stefnanda, Þresti Þórhallssyni, kr. 676.431 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 7. jan. 1979 til greiðsludags og kr. 99.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógataréttar Reykjavíkur 31. ágúst 1979.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur (sic) í málinu nr. 116/1979, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón G. Briem héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 676.431 með 3% mánaðarvöxtum frá 7. janúar 1979 til greiðsludags, í endurrits- og birtingarkostnað kr. 3.600, kr. 99.000 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 9.000 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarbeiðandi býr hér og er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Jón Guðjónsson. Áminntur um sannsögli, kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, Akraseli 39.

Gerðarþola verður tilkynnt um fjárnámið í ábyrgðarbréfi.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 6. apríl 1981.

Nr. 208/1980. **Haukur Leósson**

gegn

Diðrik Sigurðssyni.

Synjað um frest. Mál fellt niður.

ÚRSKURÐUR HÆSTARÉTTAR.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Er mál þetta kom fyrir dóm 1. þ. m., óskaði áfrýjandi eftir fresti til júnimánaðar 1981.

Stefndi synjar um frest í málinu. Hann krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað.